

Fyrsti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 8. Janúar 2015 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson.

Katrín ritar fundargerð.

Kristín Björk Guðmundsdóttir mætti á fundinn undir fyrsta lið.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Kristín Björk skólustjóri fer yfir öryggisáætlun í Laugargerðisskóla. **Kristín Björk fór yfir áætlun um öryggi á vinustað, slysaáætlun/viðbragðsáætlun Laugargerðisskóla og slysaskráningarblað fyrir skólann.**
2. Drög að gjaldskrá vegna skipulags og byggingarmála. **Samþykkt að senda þau til skipulags og byggingarnefndar til umsagnar.**
3. Drög að útboðsgögnum vegna rotþróahreinsanna. **Drögin samþykkt og oddvita falið að fylgja málinu eftir.**
4. Brunavarnamál og batterí í reykskinjara. **Ákveðið að fá Björgunarsveitina Elliða til að fara á alla bæi með batterí og kanna í leiðinni eldvarnarmálin. Atla falið að fylgja málinu eftir.**
5. Heimsókn hreppsnefndar á Dvalarheimilið í Borgarnesi. **Ákveðið að finna tíma í það sem fyrst.**
6. Fyrirkomulag nefndalauna vegna 2015. **Við vinnslu nefndarlauna kom upp spurningar og sjónarmið um fyrirkomulag greiðslna og fl. Oddvita falið að skoða þessi mál vegna 2015.**
7. Drög að innkaupareglum fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. **Samþykkt til annarar umræðu.**
8. Rafmagn í ljósastaura vegna 2015. **Oddvita falið að uppfæra reglurnar.**
9. Íslandspóst vegna fyrirspurnar um breytingu á póstnúmerum. **Það er mat Íslandspóst að við núverandi aðstæður þá muni kostnaður aukast við slíka breytingu og það þjónar ekki hagsmunum Íslandspósts að fara út í þessar breytingar eins og staðan er í dag, hvað sem síðar verður. Einnig telur Íslandspóstur að svona breyting muni ekki útiloka að ferðmenn haldi áfram að misskilja hvar Eyja og Miklaholtshreppur er. Oddvita falið að hafa samband við Póst – og Fjarskiptastofnun og kanna þessi mál áfram.**

Farið yfir mál sem eru í gangi.

- Kaup á eignum annara sveitarfélaga í Laugargerðisskóla. **Oddviti kynnti stöðuna.**
- Verkefnið Betra ljós. **Oddviti kynnti stöðuna**

Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

10. 4. fundur stjórnar Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps frá 23.11.14
11. Fundargerð 823. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
12. Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands frá 19 nóvember 2014

Ýmiss bréf lögð fram til kynningar.

13. Bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 16. Desember 2014 og varðar endurgreiðslu vegna minnkaveiða.
14. Bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 1. Desember 2014 og varðar endurgreiðslu vegna refaveiða.
15. Bréf frá Sorpurðun Vesturlands dagsett 8. Desember 2014 og varðar gjaldskrárbreytingu í Fíflholtum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)